



HÖRGÁRSVEIT

Hörgársveit

Fréttabréf

26. janúar 2023 | 14. árgangur 1. tölublað

Sundlaugin á Pelamörk

VETRAROPNUN

MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA	KL. 17:00 - 22:30
FÖSTUDAGA	KL. 17:00 - 20:00
LAUGARDAGA	KL. 11:00 - 18:00
SUNNUDAGA	KL. 11:00 - 22:30

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 26. janúar 2023 kl. 09:15 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Pelamerkurskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, Sunna María Jónasdóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

1. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 24.01.2023

Fundargerðin lögð fram og er hún í 9 liðum og þarfnast 4 liðir afgreiðslu sveitarstjórnar.

a) Í lið 2, Lækjarvellir 1, erindi vegna breytingar á byggingarreit

Lagt fram erindi þar sem að óskað er eftir að byggingarreitur fyrir lóðina Lækjarvellir 1, verði stækkaður til vesturs.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa erindinu í grenndarkynningu samkvæmt 44. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Heimilt er að stytta grenndarkynningartímabil ef skriflegt samþykki berst frá öllum hagsmunaaðilum. Erindið telst samþykkt ef ekki berast andmæli.

b) Í lið 6, Glæsibær áfangi 3, skipulagslýsing

Lögð fram tillaga að skipulagslýsingu að Glæsibær áfangi 3, unnin af Kollgátu 18. Janúar 2023. Áður hafa verið skipulagðir tveir áfangar austan núverandi svæðis sem verður þá

það þriðja í röðinni. Götur í áfanga I og II kallast Hagabrekka og Hagatún, en í þessum þriðja áfanga verða götur kallaðar Hagafliót. Fyrri áfangarnir tveir samanstanda af einbýlishúsum eingöngu en í III áfanga er markmiðið að auka fjölbreytni í íbúðarkosti og skipuleggja svæði með blöndu af raðhúsum og einbýlishúsum. Fjöldi íbúða á skipulagssvæðinu verður á bilinu 40-54 íbúðir. Húsgæðir verða ýmist 4-6 íbúða raðhús eða einbýlishús. Yfirbragð verður lágstemmt þar sem öll hús verða einnar hæðar og tekur það mið af landslagi svæðisins sem er að nokkru frábrugðið landslagi á svæðum I og II þar sem landhalli og gróðurfar er með öðrum hætti. Nýtt deiliskipulag mun ekki fela í sér

heimildir til framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Gerð deiliskipulagsins fellur því ekki undir lög um umhverfismat áætlana sbr. 1.mgr. 3.gr. laga nr. 105/2006.

Sveitarstjórn samþykkti erindið og að skipulagslýsingunni verði vísað í kynningarferli samkvæmt 2.mgr. 30 gr. og 3.mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

c) Í lið 7, Steinkot, umsókn um afmörkun lóðar

Lagt fram erindi frá Ingólfi Sigbórssyni eiganda Steinkots l.nr. 152541 sem óskað er eftir afmörkun lóðar fyrir íbúðarhús samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

Aðkoma að lóðinni er frá afleggaranum að Steinskoti og Hlíðarhóli. Jafnframt er óskað eftir að nefna lóðina Undraland.

Sveitarstjórn samþykkti erindið enda verði þinglýst kvöð um vegtengingu og lagnir að lóðinni.

d) Í lið 9, skógur við Álfastein

Umræður um fallin tré og nauðsyn á umhirðu og grisjun.

Sveitarstjórn beinir erindinu til þjónustumiðstöðvar til úrvinnslu.

2. Fundargerð stjórnar SSNE frá 45. fundi

Fundargerðin lögð fram.

3. Fundargerð stjórnar Norðurorku frá 281. fundi

Fundargerðin lögð fram.

4. Sýslumaðurinn Norðurlandi eystra, umsögn v. tækifærileyfis

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um tækifærileyfi til skemmtanahalds vegna þorablóts í íþróttahúsinu á Belamörk í Hörgársveit þann 04.02.2023.

Sveitarstjórn samþykkti að gera ekki athugasemd fyrir sitt leyti við að leyfið verði veitt.

5. Erindi vegna fasteignarinnar Syðri-Kambhóll

Lagt fram erindi Krst lögmannna, Stefáns Ragnarssonar lögmanns fyrir hönd eigenda Syðri- Kambhóls þar sem þess er farið á leit við sveitarfélagið að það gangi inn í kaupsamning um fasteignina frá 13. apríl 2022 þar sem hún sé á svæði þar sem talin er hætta á ofanflóðum. Við meðferð málsins liggur fyrir minnisblað Lögmannsstofu Norðurlands, Ólafs Rúnar Ólafssonar lögmanns, þar sem fram kemur það mat að ekki séu fyrir hendi lagaskilyrði til að sveitarfélagið geti samþykkt erindið, m.a. vegna þess að ekki liggi fyrir lögbundið hættumat um eignina né flokkun hennar á hættusvæði.

Sveitarstjórn samþykkti að hafna framlögðu erindi um að Hörgársveit gangi inn í kaupsamning frá 13. apríl 2022 um fasteignina Syðri- Kambhól, með vísan til gagna málsins og þess að ekki liggur fyrir hættumat í skilningi laga nr. 49/1997 og því ekki fyrir hendi lagaskilyrði til að samþykkja erindið.

6. Húsnæðisáætlun Hörgársveitar 2023, tillaga

Lögð fram tillaga að húsnæðisáætlun til umræðu og afgreiðslu, en tillagan hefur verið yfirfarin af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Sveitarstjórn samþykkti húsnæðisáætlunina eins og hún liggur fyrir.

7. Lánasjóður sveitarfélaga, lánasamningur

Í samræmi við fjárhagsáætlun 2023 liggur fyrir lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga um lán að upphæð kr. 50.000.000,-

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 50.000.000,-, með lokagjaldþaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

8. Fundardagar sveitarstjórnar 2023

Lögð fram fundaaætlun sveitarstjórnar janúar til desember 2023.

9. Trúnaðarmál

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 11:10

Dagur leikskólans 6. febrúar 2023

Í tilefni af árlegum degi leikskólans langar okkur starfsfólki leikskólans í Hörgársveit að segja frá vexti leikskólans og starfinu sem unnið er í Heilsuleikskólanum Álfasteini.

Leikskólinn opnaði í júlí 1995. Þá var Rannveig Oddsdóttir leikskólastjóri og Hugrún Ósk Hermannsdóttir deildarstjóri en hér voru fyrstu árin 16 börn, þrír starfsmenn og húsið 100 fm að stærð og aðeins ein deild og engin starfsmannaaðstaða. Síðan þá hefur runnið mikið vatn til sjávar enda mikil fjölgun íbúa átt sér stað í sveitarfélaginu. Nú er leikskólinn 3ja deilda, með fjölnota íþróttasal og starfsmannaaðstöðu. Þar dvelja nú 70 börn á aldrinum eins árs til sex ára, 25 starfsmenn og húsið er 550 fm að stærð. Búið er að byggja við leikskólann þrisvar sinnum vegna fjölgunar og nú er verið að byggja við í fjórða sinn, þ.e. stærri starfsmannaaðstöðu og ungarnadeild sem stefnt er að taka í gagnið á komandi vori. Leikskólinn verður þá 4ra deilda með aðstöðu fyrir 90 börn og tæpir 900 fm að stærð. Núverandi leikskólastjóri er Hugrún Ósk Hermannsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Sigríður Gréta Þorsteinsdóttir.

Einkunnarorð Heilsuleikskólans Álfasteins eru „Með sól í hjarta“.

Mikil áhersla er lögð á umhyggju fyrir barninu sem einstaklingi með réttindi og skyldur. Barnið á rétt á að þroskast í gegnum leik á eigin forsendum eins og frekast er unnt og velja sér viðfangsefni undir leiðsögn kennara. Í leikskólanum á að vera gaman að leika sér og vera til. Lögð er áhersla á virðingu og jákvæðni í samskiptum milli allra í leikskólanum. Með leikskólastarfinu er einnig miðað að því að sjá börnin þróa með sér sterka sjálfsmynd, lífsgleði og ánægju, ásamt því að þau verði sjálfsöguð og fær um að sýna virðingu og vináttu í samskiptum. Leitast er við að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og njóta hennar.

Unnið er eftir hugmyndafræði Heilsustefnunnar og Jákvæðs aga auk þess að gera ýmis verkefni tengd Grænfána Landverndar.

Heilsustefnan leggur áhersla á hollt og fjölbreytt fæði þar sem markmiðið er að auka grænmetis- og ávaxtaneyslu barna. Boðið er upp á ferskmeti þar sem allur matur er unninn á staðnum og lögð áhersla á að nota harða fitu, salt og sykur í hófi. Við samsetningu matseðla leikskólans er tekið mið af markmiðum Lýðheilsustöðvar.

Börn í heilsuleikskóla fá skipulagðar hreyfistundir 2 sinnum í viku. Þessar stundir eru skipulagðar fyrirfram þar sem markmiðið er að auka samhæfingu, jafnvægi, kraft og þor barnanna. Leitast er eftir að hreyfingin sé framkvæmd á sem fjölbreyttastan hátt við ólíkar aðstæður.

Lögð er áhersla á skapandi vinnu, þannig æfast þau í samhæfingu handa og augna, öðlast sjálfstraust og læra að nota eigið hugvit. Börnin öðlast færni í að koma hugmyndum sínum á framfæri í máli, myndum, söng og leikrænni tjáningu. Við upphaf leikskólagöngu fær hvert barn Heilsubók barnsins, sem í er skráð þroski og færni barnsins í tengslum við markmið Heilsustefnunnar. Hún hefur að geyma útfærð skráningablöð varðandi t.d. heilsufar, hæð og þyngd, lífsleikni, úthald, þekkingu á litum og formum, hreyfifærni, næringu og svefn og færni í sköpun. Skráningin gerir kennurum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum.

Jákvæður agi er uppeldisstefna byggð á sjálfstjórnarkenningum. Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni. Þegar barnið þroskast og eflir getu sína verður það þátttakandi í því ferli að finna lausnir og setja mörk. Meginreglur Jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar. Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum en ekki refsingum.

Grunnhugtök í Jákvæðum aga eru: Virðing endurspeglast í þeirri kurteisi sem fólk sýnir hvert öðru, hvernig það talar við aðra og um það og hvernig það fer með eigur annarra. Tal og framkoma sem einkennist af virðingu veitir fólki þá reisn sem því ber. **Góðvild** er að sýna væntumþykju og hlýju í verki en ekki að skamma, niðurlægja eða lesa yfir öðrum. **Festa** er að meina það sem sagt er og sjá til þess að fyrirfram ákveðnum verkefnum sé lokið. Á þann hátt lærist að það sem sagt er stendur.

Grænfanaverkefni Landverndar er alþjóðlegt umhverfismenntaverkefni sem við á leikskólanum tökum þátt í og hafa börnin á Álfasteini í því tilefni gert með sér umhverfissáttmála sem er eftirfarandi: Við viljum hugsa vel um jörðina og hafa náttúruna fallega. Rusl á að fara í ruslið. Það má ekki fara í moldina, grasið, vatnið eða blómin. Við ætlum að endurvinna allt sem hægt er og skila jörðinni því sem við höfum tekið. Við viljum fræðast og fræða aðra um umhverfi okkar. Á þennan hátt sjáum við til þess að komandi kynslóðir njóti þess sem jörðin hefur upp á að bjóða.

“Lubbi finnur málbein” er efni sem við á Álfasteini leggjum mikla áherslu á að tileinka okkur í gegnum leikinn og er það hugsað til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn. Lagt er upp með fjölbætta skynjun sem líkja má við að börnin nemi málhljóðin í þvíidd. Með samþættingu heyrnar- og sjónskyns, ásamt hreyfi- og snertiskyni, verða hljóðin nánast ápreifanleg fyrir börnunum. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem hjálpar börnunum að leita að málhljóðunum og er þetta gott veganesti þegar kemur að lestrarnámi síðar meir.

Með bestu kveðjum frá öllum á Álfasteini og til hamingju með dag leikskólans

ÞORRABLÓT HÖRGÁRSVEITAR

LAUGARDAGINN 4. FEBRÚAR
Í ÍÞRÓTTAHÚSINU Á ÞELAMÖRK

HÚSIÐ OPNAR 19:00

BORÐHALD HEFST 20:00

DANSLEIKUR HEFST 23:00

HLAÐBORÐ FRÁ BAUTANUM

VEISLUSTJÓRI

Ívar Helgason

HLJÓMSVEITIN

SMÓKING

 ÞORRABLÓT HÖRGÁRSVEITAR

Miðapöntun og frekari uppl. í síma 774-4336 - Kolla